

# **Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 16. desember 2014, kl. 13-14.30.**

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Svanhildur M. Ólafsdóttir, Gunnar Gíslason (í símasambandi) og Sólrún Harðardóttir. Ársæll Guðmundsson og Jón Torfi Jónasson boðuðu forföll.

Fundarstaður: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

## Umræðuefni:

- Fræðslufundurinn 20/11
- Fagráðsfundurinn 11/11
- Vinnu fagráðs með TALIS komið í farveg
- Fregnir af vinnuhópi um sjóðaskýrsluna
- Vinnan framundan og stefnumótun.
- Önnur mál

## **Fræðslufundurinn 20. nóvember**

Sólrún sagði frá fundinum sem haldinn var á vegum fagráðsins í Endurmenntun HÍ. Markmið fundarins var að kynna starf fagráðsins en jafnframt að fá ábendingar frá skólafólki og hagsmunaaðilum. Efni frá fundinum verður birt á starfsthrounkennara.is. Auk þess var erindi um TALIS, einkum atriði sem varða starfsþróun. Mæting á fundinn var mjög góð og kom margt fram á fundinum sem við getum tekið með okkur í vinnu fagráðsins.

## **Fagráðsfundur 11. nóvember**

Það sem bar fundinn uppi voru fyrirlestrar þriggja starfsmanna Námsmatsstofnunar um kannanir; TALIS, PISA og Ytra mat skólum. Hópaumræða var um hvernig fagráðið gæti nýtt niðurstöðurnar. Mikilvægt er að halda utan um punktana frá þessum umræðum og nýta gögn úr rannsóknum og könnunum. Stýrihópi falið að taka upp umræðuna um hvernig haldið væri áfram með vinnu útfrá þeim gögnum sem kynnt voru frá Námsmatsstofnun. (Sjá nánar hér á eftir.)

## **Fregnir af vinnuhópum**

Vinnuhópar um sjóðaskýrsluna og um ráðstefnuna Future Teachers eru starfandi og hillir undir lok á þeirra vinnu. Skýrsluhöfundur langt kominn með lagfæringar á sjóðaskýrslunni og þegar hún verður tilbúin mun hún birtast á vefnum starfsthrounkennara.is.

## Vinnu fagráðs með TALIS komið í farveg

Hugsanlega verða stofnaðir nokkrir rýnihópar (fókus-grúppur) á vegum Námsmatsstofnunar til að fá betri innsýn í það hvað er raunverulega á bakvið hráar niðurstöðurnar. Fagráð gæti komið inn í Sólrún hefur rætt málið lauslega við Ragnar. Hann hefur lagt áherslu á að svarendum hafi verið gerð grein fyrir að könnunin væri með nafnleynd og í allri vinnu verði að halda þann trúnað.

Það er takmarkað hvaða upplýsingar koma fram í TALIS og nokkur stýring er á því hvernig svarað er, t.d. eru gefnir ákveðnir kostir í fjölvalsspurningum. Spyrja þarf líka opinna spurninga. Fólki leist vel á myndun rýnihópa varðandi TALIS og einnig var rætt að árangursríkt væri að leita til slíkra hópa um fleira en bara niðurstöður TALIS.

Ákveðið var að stýrihópurinn mótaði sér skoðun á því hvað það væri í TALIS sem fagráðið vildi kafa dýpra í. Þetta yrði heimaverkefni fyrir næsta fund í stýrihópnum.

Skýrslurnar um TALIS má finna á eftirfarandi slóð: <http://starfsthrounkennara.is/skyrslur/>

## Vinnan framundan og stefnumótun

Sólrún og Sigurjón eru að vinna að stöðuskýrslu um þessar mundir um starfið á árinu og verkefnin framundan. Talað var um að setja þessa stöðuskýrslu í samhengi við plagg JTJ.

Sigurjón sér fyrir sér að starfi fagráðs ljúki ekki bara með einni skýrslu heldur verði tillögum og hugmyndum komið út í samfélagið í nokkrum áföngum. Ef vel er á málum haldið er það vænlegra fyrir framgang hugmyndanna og raunverulegs árangurs. Það getur líka þýtt endurgjöf og endurskoðun á vissum atriðum, auk meiri athygli. Um leið og unnið er að stöðuskýrslu verða settar niður hugmyndir um þessa áfanga.

Á komandi ári ætti að gefa þarfagreiningu meiri gaum og er vinna með TALIS og önnur gögn Námsmatsstofnunar liður í því. Ýmsar leiðir voru nefndar til að afla frekari upplýsinga t.d. með spurningalistum, með því að spyrja faggreinafélög, skólamálanefndir eða annars konar rýnihópa. Mikilvægt er að ná líka til þeirra sem ekki taka mikið þátt í námskeiðum eða öðru formlegu starfsþróunarstarfi. Bent var á að við værum með ýmsar upplýsingar þegar, sem þyrfti að vinna úr (t.d. umræður í hópum á fræðslufundinum o.fl). Athuga þarf hvort safna megi með skipulegum hætti gögnum um stefnumörkun varðandi símenntun og starfsþróun í öðrum löndum. Ljúka þarf frágangi upplýsingaveitu og opna hana formlega.

Almennur vilji er til að fagráðið verði verkefnamiðaðra í starfi sínu. Talað um að við ættum að fara að vinna að stefnunni sjálfri. Þegar stefnan er ljósari en nú er getum við betur orðað hið praktíska. Plagg Jóns Torfa (Rök fyrir nýrri hugsun í menntamálum...) gegnir þarna hlutverki.

Komið var inn á að aðgerðahópar um innleiðingu hvítbókar væru að fjalla um hugmyndir um starfsþróun á ákveðnum sviðum og þarna væri unnið starf sem skaraðist við okkar og æskilegt væri að stýrihópur væri í beinu sambandi við þessa hópa. Þeir eiga að skila af sér snemma á árinu 2015.

## Önnur mál

Vakin var athygli á að TALIS skýrsla OECD um framhaldsskólastigið væri komin út. Hana má sjá á vinnusvæði fagráðs og hér: <http://www.oecd.org/edu/new-insights-from-talis-2013-9789264226319-en.htm>

Gunnar vakti jafnframt athygli á bandarískri skýrslu um sýn kennara á starfsþróun sína. Skýrslan er nú á vef okkar: [http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2014/12/teachers\\_know\\_best.pdf](http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2014/12/teachers_know_best.pdf)

## Næsti fundur

Sólrún reyni að finna fundartíma fyrir stýrihóp í þeirri viku sem byrjar 5. janúar.

*Sólrún Harðardóttir skrifaði punkta*